



## **GUÐ, TRÚ OG TILGANGUR LÍFSINS**

### **MARS 2007**

#### **Glósur úr predíkanum:**

- Boðskapurinn er til að skýra út tilgang lífsins.  
Vertu heimskur ef þú vilt vera glaður.  
Vertu vitur ef þú vilt kveljast  
Það breytir engu hvað þú gerir, þú deyrð hvort sem er og gleymist.  
Gerðu það sem þú vilt en gerðu það í hófi  
(Betra að biðjast fyrirgefningar en leyfis)  
Lífið er stutt og dauði þess borgun... Drekkum í dag en iðrumst á morgun  
Don't worry – be happy
- Boðskapurinn er mjög mótsagnakenndur:  
Bent er á að Guð hafi ekki velpóknun á heimskingjanum og að Guð gefi þeim vitru gott líf.  
En einnig er bent á að réttlæti og ranglæti sé tilviljanakennt, oft sé ranglæti þar sem réttlæti ætti að vera og öfugt. Og að þegar upp er staðið enda allir eins, dauðir og gleymdir. Hvort sem maður er vitur eða heimskur!  
„Hjarta spekinganna er í sorgarhúsi, en hjarta heimskingjanna í gleðihúsi“  
– gæti skilist sem: Ignorance is bliss!  
Hvort er þá eftirsóknarverðara: Fávísi eða greind? (sjá línu 7)  
Einnig er bent á að það a geta notið vinnu sinnar sé GUÐS gjöf????????!!!!!!

#### **Spurningar:**

- Ef maður trúir þá er tilgangur lífsins að lifa fyrir Guð. Ef maður er trúleysingi þá er Tilgangur lífsins það sem mér sýnist. → Er tilgangur lífsins háður trúarbrögðum? (Vala)
- Hvað fær fólk til að trúa? Hvað fær fólk til að trúa ekki (Anna Katrín)
- Trúað fólk fullyrðir að lífið sé miklu betra með trú! (Anna Katrín)
- Á að eftir að enda með því að öll trúarbrögðin blandist í eitt? Eða hefur það nú þegar gerst? (Ásgeir)
- Voru spámennirnir TRÚAÐIR eða bara að misnota fávísi almúgans? (Anna Katrín)
- „...því að tími og tilviljun mætir þeim öllum“ (Bls. 9, 11-12)  
Hvað kemur það því við að hinir fljótu ráða ekki hlaupinu? (Jakob)
  - Hverjir ráða hlaupinu? (Anna Katrín)
- Purfum við nokkuð að „hlaupa“ ef við höfum sjálfstæðan vilja? (Anna Katrín)
- „Hafðu nú vit fyrir þér og pakkaðu ofan í tösku“?!?! (Vala)
  - „Gerðu það sem þú vilt en mundu að velja rétt?!?!“ (Anna Katrín)

## Samræða 9. mars:

Er nauðsynlegt að finna tilgang með lífinu?

- Nei
- Það er ekki nauðsynlegt að vita hver tilgangur lífsins er þótt hann sé til

Það er kannski ekki einhver einn tilgangur lífsins.

Hitchhikers guide to the galaxy: Tilgangur lífsins er „42“

Er leitin að tilgangi lífsins bara grín?

Fólk lifir góðu lífi án þess að vita hver tilgangur lífsins er.

Hefur fólk almennt þörf fyrir spurninguna um tilgang lífsins?

- Já, af því að það er „missing the point“
- Fólk leitast við að spyrja spurninga sem það hefur ekki svör við, sem eru ekki til svör við
  - Uppfyllir forvitni mannsins að glíma við spurninguna
  - Við hugsum um okkur sjálf, höfum hæfileikann til að pæla í sjálfum okkur
  - Við viljum vita meira, við erum sjálf ekki nóg, höfum þörf fyrir eitthvað yfirnáttúrulegt
  - Höfum gaman að því sem við skiljum ekki
- Fólk á erfitt með að sætta sig við að við séum bara dýr
- Getur það skapað vanlíðan að vita ekki hver tilgangur lífsins er?
- Tilgangur spurningarinnar?
  - Er að glíma við spurninguna
  - Tilgangur lífsins er að komast að tilgangi lífsins
- Tilgangur lífsins er að fjölga sér
- Tilgangur lífsins er að fjölga sér til að viðhalda tegundinni
- Tilgangur lífsins er að nýta lífið sem þér var gefið
- Er guð svarið við tilgangi lífsins?
- Guð er fyrir mörgum nauðsynlegt svar um tilgang lífsins
- Þetta er öfugt, við búum til Guð til að finna svar við spurningunni við tilgang lífsins
- Tilgangur lífsins er að trúá því að það sé einhver tilgangur þótt maður viti ekki ennþá hver hann er.

### **Samræða 13. mars:**

#### **Voru spámennirnir TRÚAÐIR eða bara að misnota fávísi almúgans?**

Erum við að spyrja hvort spámennirnir hafi verið að plata fólk?

- Erum við að spyrja hvort biblían sé skáldsaga?
- Dæmi: Spámenn bjuggu djöfulinn til, til að fá fólk til að gera hluti eins og að fara í herinn
- Aldrei hægt að sanna hvort þeir voru að plata
- Hvaðan höfðu þeir sannleikann sem þeir voru að miðla?
  - American Idol varð til úr engu: nema það var til söngur, sýningar, Simon Cowell.....
  - Í kirkju: höggmyndir af fólki að brenna í helvíti
- Spámennirnir eru eins og Nintendo leikir
  - Eins og leikirnir eru uppfærðir þá voru spámennirnir uppfærðir
  - En boðskapur spámansins var einmitt óbreyttur, menn voru spámenn af því að þeir höfðu sannfæringu sem þeir vildu koma til skila
  - En getur Jesú ekki verið uppfærslan á Jóhannesi skírar?
  - Spámenn gera það sem Nintendó gerir: hafa eitthvað solid sem þeir byrja á, svo þegar áhugi almúgans byrjar að dvína þá breyttu þeir aðeins því sem þeir voru að segja
  - En fólk leiddist ekkert boðskapur gamla testamentisins, Jesú var meira að segja krossfestur fyrir að halda honum fram
- Menn sem kunnu að koma fram
- Leiddist fólk ekki bara?
- Voru þeir að reyna að fá fólk til að halda með sér
  - Fá athygli
  - Vitfyringar
- Kirkjan: hefur drepið fólk fyrir að trúá einhverju sem gengur gegn boðskap kirkjunnar, t.d. vísindamenn
  - Kirkjan hræðir fólk
  - Kirkjan er bullshit: segja t.d. að peningar skipti ekki máli en samt eru starfsmenn kirkjunnar gráðugir í peninga
- Er kirkjan að misnota almúgann? Eða er almúginn bara að spila með?
  - Almúginn spilar með
  - Kirkjan hótar: ef þú trúir okkur ekki þá ferðu til helvítis
  - Er þetta misnotkun? Öfug sálfræði?
    - Ekki öfug sálfræði: þeir segja ekki „já hættu bara að trúá á Guð“
  - Menn kirkjunnar hljóta að hafa verið mjög gáfaðir að geta fengið fólk til liðs við sig í þessum mæli
  - Gerist þetta enn í dag: Já, í USA, vísindakirkjan, kaballah
  - Nútímakirkjur kúga engan með líkamlegu valdi (fangelsun o.s.frv.)
  - En kirkjan er svo STÓR, þannig getur hún kúgað í krafti stærðarinnar
  - Kirkjan misnotar fávísina

- Kirkjan klikkar af því að hún er bara mannleg. Guð myndi ekki klikka. En kirkjunnar menn fara villur vega
- Verðum við að hafa kirkjuna og Guð til að finna tilgang lífsins?
  - Hefur ekki bara hver og einn sinn tilgang með lífinu
- Er trú á yfirnáttúruleg öfl ekki bara vitleysa, úrelt?
  - Er ekki nóg að trúa því að efni og orka sé til og ekkert annað?
  - Tilfinningar – eru þær bara efni og orka?
  - Sterkar tilfinningar valda því oft að fólk finnur trú?
  - Trú á yfirnáttúruleg öfl veldur því að fólk verður ósamkvæmt, skýrir hlutina út frá ólíkum forsendum eins og hentar best hverju sinni.
- Fólk vill öryggis-tilfinningu, en þetta er bara hégómi og eftirsókn eftir vindi

Til umræðu fyrir föstudaginn 16. mars:

- er almúginn svo fávís að það er tiltölulega auðvelt að misnota hann, fá hann til fylgilags við sig? (spurning eftir tímann 13. mars)

-Já, auðvelt er að líta aftur í tíma og sjá hversu auðvelt er að misnota almúginn til að gera hræðileg mistök án þess að gera sér grein fyrir því. (Dæmi: Hitler var kosinn lýðræðislega sem ríkiskanslari, Nornabrennur Kirkjunar á miðöldum, etc) Gott dæmi um núverandi hóp sem gerir þetta er Vísindakirjan. Aðild að kirjunni er kostug og eru meðlimir hvattir til að bæði trú ekki á gagngrynendur og jafnvel beita þá "réttlætanageru" ofbeldi. (Sjá nánar í "Operation Snow White" á Wikipediunni) -Ásgeir